

Stephan G. Stephansson og skilyrði andlegs lífs

i

Forspjall

Það hafa varla verið margir óskólagengnir erfiðismenn í heiminum sem látið hafa eftir sig ágæt rit sem fylla sex þykk bindi. Stephan G. Stephansson (1853–1927) var einn slíkur. Fjögur af bindum hans—kvæðin—heita *Andvöku*, og heitið eitt segir mikla sögu. Ég hef ekki hugmynd um hversu margir slíkir menn eða konur hafa verið til eða eru kannski enn. En ég ætla að nefna einn annan en Stephan. Sá er Guðmundur Friðjónsson á Sandi (1869–1944). Ritsafn hans er líka ágætt og fyllir sjö bindi. Stephan og Guðmundur þekktust og skrifuðust stundum á. Einu sinni hittust þeir. Það var á Sandi í júlí 1917.¹

Andlegt líf þessara tveggja manna er afar fróðlegt fyrir alla menningarsögu. Á endanum vildi maður spyrja við hvaða skilyrði verða slíkir menn til. En þessari stóru spurningu get ég með engu móti svarað. Þótt ekki væri annað vantar okkur margvíslegar fræðilegar rannsóknir sem eru forsendur skynsamlegs svars. Við höfum ekki einu sinni ævisögur.² Hvorki Stephan né Guðmundur eiga sér fullgilda skráða ævisögu.³

Ég ætla því ekki að reyna að svara stóru spurningunni. Í staðinn ætla ég að hugleiða fáeinrar einfaldar og aðgengilegar staðreyndir.

Á dögum Guðmundar Friðjónssonar bjuggu innan við 4000 manns í Suður-Pingeyjarsýslu.⁴ Guðmundur birti árið 1906 langa ritgerð um Þingeyjarsýslu um aldamótin. Hann segir þar í fyrstu málsgrein að Þingeyjarsýsla hafi verið nafntoguð „fyrir pólitískan áhuga og félagsanda og fyrir bókmenntaáhuga og skáldskap“.⁵

Pingeyingar voru forustusveit í stjórnmálum á Íslandi frá því upp úr 1880 og fram yfir 1930.⁶ Þeir stofnuðu fyrsta stjórnmálauflokkinn,⁷ að ógleymdri samvinnuhreyfingunni sem spratt „af rótum lýðveldisanda og jafnaðarmennsku“, segir Guðmundur á Sandi.⁸ Félagslíf þeirra var afar fjölbreytilegt, en þeir áttu vissulega skilda frægð sína sem stjórnmálagarpar.

Guðmundur segist þurfa heila bók til að ræða öll skáld Þingeyinga. Hann fjallar bara um þrettán þeirra—hann er sjálfur ekki í þeim hópi—og tímur til sýnishorn úr verkum þeirra. Sum þessara skálda—til dæmis Indriði Þórkelsson á Fjalli (1869–1943) og Jón Þorsteinsson á Arnarvatni (1859–1948)—létu eftir sig meistaraverk í bundnu máli. Engir þessara höfunda mynda neitt sem heitið getur skóli. Stundum er eins og þeir gangi upp í því að vera sem ólíkastir hver öðrum. Meðal annars þess vegna er hérað þeirra skapandi samfélag.

Þetta veitir hugboð um umhverfi meiri háttar höfundar eins og Guðmundar Friðjónssonar. Hann er umkringdur af því sem T.S. Eliot kallaði „secondary writers“ og við getum kallað lággróður. Eliot segir um slíkan lággróður minni háttar höfunda að hann sé „merkilegur þáttur í umhverfi mikils höfundar, meðal annars hinir fyrstu lesendur hans, fyrstu aðdáendurnir, fyrstu gagnrýnendurnir—og ef til vill fyrstu andstæðingarnir.“⁹

Nú voru öll afrek Þingeyinga liðin tíð þegar Guðmundur á Sandi lézt árið 1944. Gullold Þingeyinga er blómaskeið lítils samfélags í tvær kynslóðir. Það er ekki hægt að greina nein merki um það sem koma skyldi um miðja 19du öld. Það sér lítil merki gullaldarinnar í Þingeyjarsýslu nú undir lok hinnar 20stu. Allt í einu sprakki eitthvað út. Það fölnaði og hvarf með sömu skyndingu.

Þingeyjarsýsla var og er örlítið samfélag. Áður fyrr var hún einkanlega samfélag fátækra bænda. Samt er þetta samfélag að minnsta kosti að einu leyi sambærilegt við önnur miklu frægari samfélög í sögu Vesturlanda. Það átti sér gullold. Og gullaldir eru örskammar.

Til dæmis gullold heimspekkinnar í Aþenu, með þrenningunni Sókratesi, Platóni og Aristótelesi. Eða lítum á Vín frá síðasta hluta 18du aldar til fyrsta hluta hinnar 19du. Þar höfum við Haydn, Mozart, Beethoven og Schubert. Í báðum tilfellum, hinu grísku og hinu austurísku, höfum við röð kennara og nemenda, með því megininkenni að nemendurnir víkja mjög frá háttum kennara sinna. Meðal annars vegna þessara miklu frávika er um sköpun að ræða. Og í báðum tilfellum er eitthvað sem verður allt í einu til og hverfur síðan jafn skyndilega.

Það er líka fróðlegt að líta á Vínarborg á árunum 1890–1930, og bera hana saman við til að mynda Vínarborg í dag. Það má líta á Flórens upp úr 1400. Eða á norskar bókmenntir á ofanverðri 19du öld þegar Ibsen og Björnson eru höfuðskáld, og Ibsen gerði að auki norskar bókmenntir að heimsbókmenntum eins og Gunnar Gunnarsson og Halldór Laxness gerðu síðar úr íslenzkum bókmenntum. Og Halldór minnir á að eftir að gullold Þingeyinga líður undir lok verður til önnur íslenzk gullold í Reykjavík, bæði í bókmenntum og málaralist, skammvinn eins og hin.

Af einhverjum ókunnum ástæðum ryðst sköpunargleði samfélaga fram í örskömmum hryðjum.

Ef við berum saman menningarleg skilyrði Guðmundar á Sandi og Stephans G. Stephanssonar kemur fljótt í ljós að þau eru býsna lík. Stephan tilheyrði vestur-íslenzku menningarsamfélagi sem blómgædist á hans dögum og hvarf litlu síðar af yfirborði jarðar. Um aldamótin 1900 voru Vestur-Íslendingar 12–15000, þrisvar til fjórum sinnum fleiri en Suður-Pingeyingar. Um 1900 höfðu þeir gefið út

um tuttugu blöð og tímarit, og 25 bækur eftir 17 höfunda. En meðal þeirra voru um 100 höfundar sem höfðu fengið verk sín birt. Þau voru að sjálfsögðu misjöfn að gæðum. Eitt þeirra fyrsta verk í Vesturheimi hafði verið að koma sér upp prentsmiðju. Þingeyingar birtu ekki nándar nærrí eins mikið á prenti. Frá 1874 og fram yfir 1900 komu út 23 sveitarblöð í Mývatnssveit inni, og voru tvö eða þrjú í gangi hverju sinni, allt að mánaðarlega hvert þeirra yfir veturinn.¹⁰ En þessi blöð voru öll handskrifud. Það er fróðlegt að Vestur-Íslendingar sömdu fjölda leikrita (að minnsta kosti 123 fram til 1930) og þýddu mörg til viðbótar (að minnsta kosti 60 fram til 1930). Fyrsta leikritið samdi Stephan G. Stephansson.¹¹ Aðeins eitt af þeim þingeysku skáldum sem Guðmundur Friðjónsson nefnir í aldamótaritgerðinni samdi leikrit svo vitað sé. Sá lærði líka ensku til að geta lesið Shakespeare. Þetta var Tómas á Hróastöðum.¹²

Stephan G. var í sínum menningarheimi umkringdur af lægra gróðri. Sum skáldanna voru ágætir listamenn, til að mynda Kristinn Stefánsson (1856–1916), Káinn (Kristján Níels Júlíus Jónsson, 1860–1935) og Guttormur J. Guttormsson (1878–1966).

byrjuðu að rífast. En þeir rifust um trúmál, sem hafa aldrei verið hitamál á Íslandi.¹⁴ Það hvarflaði að mér þá að þarna hefði verið að verki tímasprengja meðal erfðastofna, rifrildisvísir, sem hefði sprungið í Íslendingum upp úr 1880 hvar sem þeir voru niðurkomnir í veröldinni.

Deilur sem verða öðru hverju að heitu rifrildi virðast vera samkenni á gullaldarsamfélögum. Sókrates var tekinn af lífi, og Aristóteles flýði Áþenu til að komast hjá sömu örlögum. Ibsen var jafnvel meira hataður en hann var elskaður eða dáður af Norðmönnum, alveg eins og Halldór Laxness meðal Íslendinga. Stephan G. Stephansson fékk sinn skammt þegar hann birti stjórnsmálakvæðin í *Vígslöða*.¹⁵ Flóreensbúar rifust um allt, til að mynda teikningarnar að hvolfakinu á dómkirkju borgarinnar.¹⁶ Það tók áratugi að sjötla þá deilu, og þá var byggingameistarinn Brunelleschi löngu kominn í gröfina. Á gullöld stóískrar rökfræði var slegið á götum Alexandríu um sanngildi skilyrðinga, og Kallímakkos málfræðingur sagði að jafnvel krákurnar á þökunum görguðu um það hvaða skilyrðingar væru sannar.¹⁷

Ég hef þrjár tilgátur. Mikill listamaður eða hugsuður sprettur oftar en ekki upp úr skapandi samfélagi. Skapandi samfélag lifir bara skamma hríð. Líf þess einkennist af sundurlyndi.

V

Sundurlyndi

Við höfum á sama tíma bæði í Þingeyjarsýslu og meðal Íslendinga vestanhafs andlegt líf. Við höfum skapandi samfélög með lággróðri og hágróðri og örskammri ævi. Er þessum tveimur samfélögum eitthvað fleira sameiginlegt?

Eitt samkenni sem kemur í hugann er sundurlyndi. Frá því seint á 19du öld og þar til nýlega er saga andlegs lífs á Íslandi samfelld rifrildissaga, sér í lagi um stjórnsmál.¹⁸ Hjá Þingeyingum á árunum 1880–1930 var sjálfstæðisbaráttan auðvitað helzta rifrildisefnið. Því þeir voru forustusveit heillar þjóðar.

Vestur-Íslendingar gátu ekki með neinu móti háð sjálfstæðisbaráttu, þó svo þeir lékju sér um stund við að stofna sjálfstætt Nýja-Ísland. Hvað gerðu þeir þá? Þegar ég las sem unglungur hina miklu sögu Vestur-Íslendinga eftir Þorstein Þ. Þorsteinsson—og árásir hans á Ísland með sérstakri velþóknun—þá veitti ég því athygli að innflytjendurnir voru vart komnir á land í Ameríku þegar þeir